
Skráning fornleifa í Traðarlandi 2, Rangárþingi eystra



Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstjóri)

Höfundar efnis: Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Sólveig G. Beck

FS1054-25261

Fornleifastofnun Íslands

2025



*Forsíðumynd er af tóft RA-142:012_01, horft til suðurs.
Myndina tók Sólveig G. Beck.*

© 2025

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3467

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í júlí 2025 skráði Fornleifastofnun Íslands fornleifar innan marka 15 ha deiliskipulagsreits í Traðarlandi 2, í sveitarfélaginu Rangárþingi eystra. Traðarland var byggt úr landi jarðarinnar Traðar árið 2007. Þeirri jörð, þ.e. Tröð, var skipt úr landi Gerða RA-142 skömmu eftir 1970.

Samtals voru skráðar 11 fornleifar á sex minjastöðum innan marka deiliskipulags. Allar töldust minjarnar í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnisorð: Traðarland 2, Rangárþing eystra, Vestur-Landeyjar, Gerðar, fornleifaskráning, Fornleifastofnun Íslands

Summary

In July 2025, the Institute of Archaeology in Iceland conducted a survey of 15 hectares within the detailed development plan area of Traðarland 2, located in the municipality of Rangárþing eystra. A total of 11 archaeological sites were recorded across six locations. All sites were considered at high risk due to the proposed construction.

Keywords: Traðarland 2, Rangárþing eystra, Vestur-Landeyjar, Gerðar municipality, archaeological survey, Institute of Archaeology

Efnisyfirlit

1. Inngangur	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	11
4. Fornleifaskrá	13
5. Niðurstöður og umræða	19
5.1 Viðvarandi hættumat	19
5.2 Tímabundið hættumat og áhrif framkvæmda á fornleifar	20
Heimildaskrá	23
Viðauki I: Hnitskrá í Isn93	24
Viðauki II: Minjakort	25



Mynd 1: Staðsetning skráningarsvæðisins er sýnd á kortinu með rauðum punkti. Á innfelldu korti er staðsetningin sýnd á Íslandskorti.. © Fornleifastofnun Íslands og Landmælingar Íslands

1. Inngangur

Í byrjun júlí 2025 vann Fornleifastofnun Íslands ses fornleifaskráningu innan jarðarinnar Traðarlands 2, í Fíflholtshverfi í Rangárþingi eystra. Skráningin var gerð fyrir hönd landeigenda vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi innan jarðarinnar. Deiliskipulagssvæðið var samanlagt 15 ha stórt. Innan þess er gert ráð fyrir þremur byggingareitum og er fyrirhugað að reisa nokkur gestahús innan þeirra, hvert um sig allt að 50 m² að stærð.

Engin fornleifaskráning hafði áður verið gerð á svæðinu. Fornleifastofnun Íslands vann hins vegar heimildaúttekt fyrir jörðina árið 2000 og byggir úttektin á grunni hennar.¹ Traðarland er byggt úr landi jarðarinnar Traðar árið 2007. Þeirri jörð, þ.e. Tröð, var skipt úr landi Gerða RA-142 fljótlega eftir 1970.



Mynd 2: Deiliskipulagssvæðið er alls um 15 ha og á myndinni er horft yfir norðurhluta þess.

Við skráninguna var gengið skipulega yfir deiliskipulagsreitinn, allir minjastaðir skráðir og hnitsettir og sjáanlegar minjar mældar upp. Skráðar voru 11 fornleifar á sex minjastöðum innan deiliskipulagsreitsins. Um vettvangsvinnu sáu þær Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Sólveg G. Beck, fornleifafræðingar. Ragnheiður sá ennfremur um skýrsluskrif og kortagerð. Allar

1 Sædís Gunnarsdóttir, 2000.

ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjum nema annað sé tekið fram og loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafli kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningakerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem skráðar voru innan úttektarsvæðis og í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður skráningarinnar. Aftast í skýrslu er heimildaskrá og þar aftan við viðaukar og minjakort.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
 - f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
 - g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
 - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
 - i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.


Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-162:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: ÁR-162:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðanna. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens	Númer fornleifar á tiltekinni jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93
Sýslutákn	SF-175-009	Sveinshlaða	tóft	hlaða	E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horfi til norðurs

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólif eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfin virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1920

Hætta sem steðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Mynd 3: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp og var merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: ÁR-162:002). Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) mikil hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreita þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið mikilli hættu meðan framkvæmdir eru yfirvofandi eða standa yfir. Í fornleifaskrá (4. kafla) kemur bæði fram viðvarandi hættu og tímabundin hættu.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

RA-142 Gerðar

Sögulegar heimildir

1686 og 1685: 15 hdr, bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 92.

1709: 15 hdr., „Landþröng er hjer næsta mikil og nýtur jörðin annarra til beitar, hvað nágrannar hafa hingað til liðið betalingslaust, annars halda menn þessi jörð bygðist ekki.“ JÁM I, 184.

1847: 15 hdr, bændaeign. JJ, 30

Landkostir

Túnakort 1921: Vesturbær: Tún 5,1 ha, þar af 3 ha sléttaðir, garðar 1564 m². Austurbær: Tún 3,7 ha, þar af 2 ha sléttaðir, garðar 1464 m².

„Landþröng er hér næsta mikil og nýtur jörðin annarra til beitar, hvað nágrannar hafa hingað til litið betalingslaust, annars halda menn að þessi jörð bygðist ekki.“ JÁM I, 184

“Jörðin er meðalstór, grösug, þurrland að kalla, skjólgóð vetrarheit sámileg. Gerðar voru tvíbýlisjörð á seinni hluta 19. aldar til aldamóta.” SB IV, 319

RA-142:011 garðlag áveita

X: 437361 Y: 353562

Áveitugarður er um 460 m norðan við tóftir 012 og rúmum 250 m vestan við Traðarland, skammt sunnan við malarveg að bænum. Norðan við malarveginn er slétt tún á landsvæði sem enn tilheyrir Gerðum, norðan þess sést framhald áveitugarðsins sem endar við þýðan rima. Garðurinn liggur m.a. þvert yfir grunnan lækjarfarveg. Sé horft til staðsetningar og legu garðsins er um áveitugarð að ræða.

Gróin, deiglend mýri. Víða eru þurrar dælur og farvegir. Svæðið er framræst en engjar hafa verið vestan og suðvestan við garðinn.

Garðurinn er rúmlega 170 m að lengd og liggur nánast austur-vestur. Hann sveigir lítillega til norðvesturs í vesturhorni og hverfur við malarveginn. Hann er 1,5-2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Til norðurs má óljóst greina rennu þar sem efni fékkst í garðinn og vatni veitt áfram.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda




Mynd 4: Áveitugarður RA-142:011, horft til austurs.

RA-142:012-01 tóft fjárskýli

X: 437428 Y: 353096

Lítill tóftaþyrping er á norðurbakka Eyjarfljóts rúmum 1,3 km við bæ 001 og um 530 m suðvestan við nýbýlið Traðarland. Mannvirkin eru á svæði sem er um 60 m á lengd, um 40 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Hægt er að greina fimm tóftir 142_01-04 og túngarður _05 á svæðinu og öll eru þau byggð úr torfi og vel grasigróin.

Tóftirnar eru á grónu holti norðan við nes hefur myndast í lítilli buðgu í Eyjarfljóti. Holtið er grasigróið, 0,5-1,2 m á hæð að norðanverðu en 1-1,5 m á hæð að sunnanverðu þar sem landið lækkar hratt nær bakka fljótsins. Nesið er grasigróið, flatlent og tekið að hlaupa í þúfur.



Mynd 5: Uppmæling af tóftum RA-142:012. Holtið sem tóftirnar eru á sést sem græn lína.

Tóft 01 er stærst og greinilegust af öllum tóftunum. Tóftin er tvískipt, um $8 \times 7,5$ m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er ljóst hvar gengið var inn en hólfin tvö eru samsíða og snúa einnig norðvestur-suðaustur. Veggir eru signir, 1-2,5 m á breidd og 0,5-0,8 m á hæð að utanmáli. Hólf I er um $2,5 \times 2$ m að innanmáli. Hólf II er um 1 m til suðvesturs og er minna eða um 2×1 m að innanmáli. Sé horft til staðsetningar og lögunar tóftarinnar er líklega um fjárskýli að ræða.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 6. Tóft RA-142:012_01, horft til suðausturs.



Mynd 7. Tóft RA-142:012_02, horft til norðvesturs.

RA-142:012-02 tóft fjárskýli

X: 437421 Y: 35310

Tóft 02 er um 1,5 m norðvestan við tóft 01 og er sambyggð túngarði 05 til norðvesturs. Tóftin er

einföld, um 6x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru signir, hlaðnir úr torfi, um 2 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Innanmál er óljóst en er líklega um 2,5x2,5 m. Ekki er hægt að greina hvar gengið var inn. Sé horft til staðsetningar og lögunar tóftarinnar er líklega um fjárskýli að ræða.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

RA-142:012-03 tóft rétt

X: 437422 Y: 353107

Rétt 03 er fast norðaustan við tóft 02 og er einnig sambyggð túngarði 05. Tóftin er einföld, um 11x6 m að utanmáli og snýr ANA-VSV. Veggir hennar eru torfhlaðnir og signir, 2-3 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Innanmál er um 4x2 m og er 0,3-0,4 m á dýpt. Ekkert sést hvar gengið var inn. Réttin er nyrst, innan túnsins sem túngarðurinn afmarkaði.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 8. Tóft RA-142:012_03 horft til ANA.



Mynd 9. Tóft RA-142:012_04 horft til suðausturs.

RA-142:012-04 tóft fjárskýli

X: 437418 Y: 353092

Tóft 04 er um 4 m VSV við tóft 01, fast suðvestan við túnið sem túngarður 05 afmarkar. Tóftin er einföld, um 9x6 m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru torfhlaðnir en útflattir, 1,5-3 m á breidd og minna en 0,3 m á hæð. Innanmál tóftarinnar er um 3,5x2,5 m og virðist hún örllítið niðurgráfin. Dýptin er um 0,3-0,5 m.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

RA-142:012-05 garðlag túngarður

X: 437434 Y: 353099

Túngarður 05 sést enn afmarka vestur- og norðurhlíðar túnsins sem tóftir 01-03 eru innan. Frá suðvesturvegg tóftar 01 liggur túngarðurinn til VNV og endar í vesturhorni tóftar 02. Frá austurenda tóftar 03 liggur túngarðurinn til ANA út á vesturbakka Eyjafljóts. Vesturhluti túngarðsins er um 10 m á lengd á meðan norðurveggurinn er um 17 m á lengd. Túngarðurinn er torfhlaðin og sigin, 2-3 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Austur- og suðurhluti túngarðsins afmarkast af náttúrlegt holti, hann er 1-1,2 m á hæð að innan en sést lítið að utan og rennur saman við holtið. Túngarðurinn er horfinn þarna af yfirborði að mestu, þ.e. að utan. Túnið virðist vera tvískipt, er um 10x6-10 m að



Mynd 10. Túngarður RA-142:012_05, horft til VSV.

innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Líklega hefur verið gengið inn í meginhólfíð að vestanverðu en enginn skýr inngangur er greinilegur. Hugsanlega hefur verið lítið aðskilið hól inn af réttinni til norðausturs. Þar er lítið innskot inn í náttúrulegt holtið sem er um 4x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Gengið er inn í það að vestanverðu en lítil torftunga lokar því þar að hluta. Tungan er um 3 m á lengd, 1,5 m á breidd og minna en 0,3 m á hæð, en er líklega aðeins hrun úr náttúrulegum bakkanum.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

RA-142:013 tóft heystæði


X: 437420 Y: 353045

Lítið heystæði er um 40 m sunnan við tóftir 012, skammt norðan við Eyjafljóti. Tóftin er á sunnan undir holtinu sem tóftir 012 eru á, á litlu nesi sem myndast af bug á Eyjafljóti.

Skammt norðan við tóftina er um 1-2 m fremur aflíðandi brekka niður til suðurs, frá tóftum 012. Svæðið er gróið, nokkuð þýft og nýtt til beitar.



Mynd 11. Tóft RA-142:013, horft til norðurs.



Mynd 12. Uppmæling af tóft RA-142:013.

Tóftin er um 3,5x3,5 m að stærð og er einföld. Óljóst op er á miðjum norðurgafli, í átt að Eyjafljóti. Veggir eru torfhlaðnir, 0,3 m á hæð og um 1 m á breidd. Þeir eru grasivaxnir og hlaupnir í þúfur. Norðan við tóftina er í óljóst hól eða þúst. Hún er 6,5x2 m og snýr norður-suður. Mögulega var þetta hluti af garðlagi en óljóst sér móta fyrir opi á vesturhlið sem og innanmáli annars hólfs. Þústin er 0,3 m á hæð og stórþýfð.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

RA-142:014 tóft fjárskýli

X: 437458 Y: 353076



Mynd 13. Tóft RA-142:014, horft til suðausturs.

Tóft af fjárskýli er 30 m suðaustan við tóftir 012 og 35 m norðaustan við heystæði 013. Tóftin er fast suðaustan undir brekkubrún niður holtið sem tóftir 012 eru á, ofan við lítið nes sem myndast af bug á Eyjafljóti. Tóftin er nyrst á flatlendu nesi, þar sem Eyjafljót tekur skarpan sveig til suðurs.

Skammt norðan við tóftina er um 1-2 m fremur aflíðandi brekka niður til suðurs, frá tóftum 012. Svæðið er gróið, nokkuð þýft og nýtt til beitar.

Tóftin er 8x6,2 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Ekkert op sést inn í hana á yfirborði. Veggir eru um 2 m á breidd og 0,3 m. Þeir eru torfhlaðnir og hlaupnir í þúfur.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

RA-142:015-01 gryfja óþekkt

X: 437438 Y: 353039

Tvær gryfjur eru á norðurbakka Eyjafljóts en þurrlendur rimi er meðfram ánni. Þær eru um 15 m suðaustan við tóft 013 og rúmum 40 m sunnan við tóftir 012, á svæði sem er 16x5 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur.

Gróið og þýft svæði. Þurrlendur rimi er við ánnu sem myndar lítið nes sem afmarkast af bug.

Gryfja 01 er norðvestar. Hún er grafin inn í árbakkann þar sem bugurinn endar til norðvesturs. Gryfjan er 5,2x3,8 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hún er 0,5 m á dýpt til ANA og grynkar til vesturs. Op er að árbakkanum. Hlutverk gryfjunnar er óþekkt.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 14. Gryfja RA-142:015_01, horft til suðurs.



Mynd 15. Gryfja RA-142:015_02, horft til norðausturs.

RA-142:015-02 gryfja óþekkt

X: 437449 Y: 353031

Gryfja 02 er 9 m suðaustan við gryfju 01. Hún er 5,5x2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 1 m á dýpt en grynkar til vesturs þar sem hún opnast við Eyjafljót. Hlutverk gryfjunnar er óþekkt.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

RA-631 Fornleifar á fleiri en einni jörð

Fornleifar sem ná yfir fleiri en eina jörð í Vestur-Landeyjum.

RA-631:003 gata leið

X: 437514 Y: 353326

Á herforingjaráðskorti 48 SA frá 1908 sést gata sést liggja milli Fíflholtshverfis til vesturs að leið 004 til norðausturs. Hún liggur til norðausturs frá Gerðum, áfram að Ey og Brók uns hún sameinast leið 004. Gatan lá norðan við Eyjafljót sem og heimatún jarðanna. Leiðin var skoðuð í landi Gerða RA-142, nú Traðarland 2, árið 2025

Framræst mýri og deiglendi er í landi Traðarlands 2



Mynd 16. Horft til VSV yfir leið RA-631:003.

Þar sem leiðin var skoðuð árið 2025. Svæðið er nýtt til hrossabeitar.

Leiðin liggur norðan við Eyjafljót en þar sem hún er merkt á herforingjaráðskorti er mýrlendi í landi Gerða. Víða eru farvegir og stakir rimar og ljóst að svæðið var torfært áður en landið var ræst fram. Leiðin er líklega um 140 m sunnar á þurrum rimum nær Eyjafljóti. Þar má sjá nokkra paldra og virðist leiðinni vera viðhaldið af lausagönguhrossum að mestu. Paldrarnir ná yfir svæði sem er um 10-16 m á breidd.

Langvarandi hættumat: engin hættu

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort 48 SA 1908

5. Niðurstöður og umræða

Í júní 2025 skráði Fornleifastofnun Íslands 15 ha deiliskipulagsreit, jörðina Traðarland 2 í Rangárþingi eystra. Þetta svæði tilheyrði áður lögbýlinu Gerðum RA-142 í Fíflholtshverfi, Vestur-Landeyjum. Fyrirhugaðar eru breytingar á deiliskipulagi sem snúa að byggingu nokkurra frístundahúsa innan þriggja byggingareita. Úttektarsvæðið er í úthögum Gerða, rúmum 1,2 km austan bæjarins og þar er nú framræst mýrlendi að stórum hluta. Í sögulegu samhengi má ætla að svæðið hafi verið hluti af úthögum Gerða og verið nýtt til útbeitar og heyskapar ásamt því að um það hefur legið þjóðleið. Þúrlent er meðfram Eyjaflljóti og raðast minjar eftir árbakkanum, bæði innan og utan úttektarsvæðis. Við vettvangsvinnu voru skráðar 11 fornleifar á sex minjastöðum innan úttektarsvæðis sem allar tengjast landbúnaði og samgöngum líkt og við er að búast sé horft til staðsetningar þess. Yfirlit um skráðar minjar og ástand þeirra má sjá í töflu 1.

minj_id	Samtala	Tegund	Hlutverk	Ástand
3467_1	RA-142:011	garðlag	áveita	greinanlegar
3467_2	RA-142:012 1	tóft	aðhald	greinanlegar
3467_3	RA-142:012 2	tóft	gripaskjól	illgreinanlegar
3467_4	RA-142:012 3	tóft	gripaskjól	greinanlegar
3467_5	RA-142:012 4	tóft	gripaskjól	greinanlegar
3467_6	RA-142:012 5	garðlag	túngarður	greinanlegar
3467_7	RA-142:013	tóft	heygeymsla	greinanlegar
3467_8	RA-142:014	tóft	gripaskjól	vel greinanlegar
3467_9	RA-142:015 1	niðurgröftur	gripaskjól	illgreinanlegar
3467_10	RA-142:015 2	niðurgröftur	óþekkt	illgreinanlegar
3467_11	RA-631:003	gata	leið	illgreinanlegar

Tafla 1: Ástand skráðra minja.

Hér á eftir verður fjallað um þær fornleifar sem skráðar voru. Við úttektina voru fornleifar eingöngu skráðar ef þær eða helgunarsvæði þeirra var innan deiliskipulagsmarka. Línulegar fornleifar s.s. garðlög og leiðir voru því eingöngu raktar að hluta, innan úttektarsvæðis.

5.1 Viðvarandi hættumat

Hættumat var gert fyrir allar fornleifar sem skráðar voru. Samkvæmt fyrirmælum Minjastofnunar Íslands var á vettvangi bæði metin sú hættu sem að minjunum stafaði vegna framkvæmda (tímabundin hættu) og sú hættu sem að minjunum stafaði almennt, ef ekki kæmi til framkvæmda.

Engin viðvarandi hættu var talið steðja að fornleifunum.

minj_id	Samtala	Tegund	Hlutverk	Ástand	Varanleg hættu	Tímabundin hættu
3467_1	RA-142:011	garðlag	áveita	greinanlegar	engin hættu	vegna framkvæmda
3467_2	RA-142:012 1	tóft	aðhald	greinanlegar	engin hættu	vegna framkvæmda
3467_3	RA-142:012 2	tóft	gripaskjól	illgreinanlegar	engin hættu	vegna framkvæmda
3467_4	RA-142:012 3	tóft	gripaskjól	greinanlegar	engin hættu	vegna framkvæmda
3467_5	RA-142:012 4	tóft	gripaskjól	greinanlegar	engin hættu	vegna framkvæmda
3467_6	RA-142:012 5	garðlag	túngarður	greinanlegar	engin hættu	vegna framkvæmda
3467_7	RA-142:013	tóft	heygemysla	greinanlegar	engin hættu	vegna framkvæmda
3467_8	RA-142:014	tóft	gripaskjól	vel greinanlegar	engin hættu	vegna framkvæmda
3467_9	RA-142:015 1	niðurgröftur	gripaskjól	illgreinanlegar	engin hættu	vegna framkvæmda
3467_10	RA-142:015 2	niðurgröftur	óþekkt	illgreinanlegar	engin hættu	vegna framkvæmda
3467_11	RA-631:003	gata	leið	illgreinanlegar	engin hættu	vegna framkvæmda


Tafla 2: Hættumat skráðra minja.

5.2 Tímabundið hættumat og áhrif framkvæmda á fornleifar

Við hættumat vegna fyrirhugaðra framkvæmda var gengið út frá því að ef minjastaður væri innan við 15 m frá fyrirhuguðum vegum, byggingum eða öðrum mannvirkjum teldist hann í mikilli hættu, nema allar líkur væru á að allar leifar hans væru horfnar. Ástæða þessa er sú annars vegar að helgunarsvæði minja er 15 m út frá ystu mörkum hans og hins vegar sú staðreynd að jafnvel þótt öll yfirborðsummerki minjastadar séu horfin geta mannvistarleifar leynst undir sverði. Allar fornleifarnar sem voru skráðar töldust í mikilli hættu vegna framkvæmdanna.

Syðst innan úttektarsvæðisins er stakstætt tún sem afmarkast af **túngarði RA-142:012_05**. Túnið er uppi á holti, eða þurru rima, sem er norðan og samsíða Eyjafljóti. Túngarðurinn rennur saman við holtið til suðurs og austurs og er horfin af yfirborði þar. **Fjárskýli RA-142:012_02 og rétt RA-142:012_03** eru sambyggðar túngarðinum, innan túnsins. Báðar tóftirnar eru hlaupnar í þúfur og sjást lítið fyrir en að þeim er komið. **Fjárskýli RA-142:012_01** er innan túnsins og er best varðveitt þessara minja. **Fjárskýli RA-142:012_04** er síðan fast suðvestan við túnið. Engar heimildir geta þessa minja en sé horft til staðsetningar og lögunar virðist líklegast að þær tengist fjárbeit í úthögum. **Fjárskýli RA-142:014** er suðaustan undir holtinu sem tóftir 012 eru á. Það er norðan við lítið nes sem Eyjafljót myndar og ekki er ólíklegt að það hafi í raun verið hluti af minjaheild 012. Suðvestar, á sama nesi, er **heystæði RA-142:013**. Suðaustan þess eru **tvær gryfjur RA-142:015_01 og 02**. Hlutverk þeirra er óþekkt en þær eru manngerðar.

Nyrst innan úttektarsvæðis er **áveitugarður RA-142:011**. Hann er án efa torfhladdinn en vesturhluta hans var raskað með vegi og túnasléttun fyrir allöngu. Garðurinn ber nýtingu engja vitni. **Þjóðleið RA-631:003** liggur í gegnum suðuhluta úttektarsvæðis, eftir þurru rima í deiglendi. Leiðin sést enn og sjá lausagönguhross að mestu um viðhald hennar. Ekki er útilokað



Mynd 17: Skráðar minjar eru hér sýndar ofan á deiliskipulagsreit svæðisins. Minjarnar eru í suðurenda, að mestu innan byggingarreits A1.

að umfang leiðarinnar sé mun meira en áður af þeim sökum.

Við gerð hættumats er metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki sé gripið til sérstakra ráðstafana. Í meirihluta tilfella er hætta hvorki talin óhjákvæmileg né óyfyrstíganleg en hættumatinu er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir

kunni að ógna umræddum minjastað. Verði tekið tillit til staðsetningar minja við hönnun á mannvirkjum innan skipulagssvæðisins ætti að mestu að vera hægt að forða þeim frá raski. Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að skera úr um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja við slíkar aðstæður. Hafa ber einnig í huga að áður óþekktar minjar kunna að koma í ljós við framkvæmdir og skal þá hafa samband við Minjastofnun Íslands og gera viðvart um fundinn.

Heimildaskrá

Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1918-1921. II. bindi. Árnessýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller og Hið íslenska fræðafjelag.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].

Lög um menningarminjar 80/12. 2021. Lagasafn. Íslensk lög, útgáfa 151a. Sótt af: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

SB IV: *Sunnlenskar byggðir*. 1982. IV. bindi. Eyjafjöll, Landeyjar, Fljótshlíð og Hvolhreppur. Reykjavík: Búnaðarsamband Íslands.

Sædis Gunnarsdóttir. 2000. *Fornleifar í Rangárvallasýslu II. Svæðisskráning fornleifa í Eyjafjallahreppi og Landeyjum. I. hefti*. FS121-99002a. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Túnakort 1921: Túnakort Gerða. Þjóðskjalasafn Íslands.

Herforingjaráðskort 48 SA 1908 1:50000.

Heimildamaður:

Ríkarður Flemming Jenssen

Viðauki I: Hnitaskrá í Isn93

Samtala	minj_id	X	Y
142011	3467_1	437361	353561
142012 1	3467_2	437427	353095
142012 2	3467_3	437421	353101
142012 3	3467_4	437421	353106
142012 4	3467_5	437417	353092
142012 5	3467_6	437433	353099
142013	3467_7	437420	353045
142014	3467_8	437458	353076
142015 1	3467_9	437438	353039
142015 2	3467_10	437448	353031
631003	3467_11	437513	353327

Viðauki II: Minjakort

